

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/26/EB

frá 2. mars 2006

um breytingu á tilskipun ráðsins 74/151/EBE, 77/311/EBE, 78/933/EBE og 89/173/EBE um dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt á hjólum í því skyni að laga þær að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

tekið er tillit til úrbóta í dráttarvélatækni að því er varðar aukna framleiðni ásamt vinnuvernd.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 19. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/151/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna hluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum <sup>(2)</sup>, einkum 4. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum <sup>(3)</sup>, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/933/EBE frá 17. október 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum <sup>(4)</sup>, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/173/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna íhluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum <sup>(5)</sup>, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að aðlaga þær kröfur, sem settar eru fram í tilskipun 74/151/EBE, um leyfilegan hámarks massa með hleðslu og áspunga dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað og skógrækt, fyrir nútímadráttarvélar þar sem

2) Til þess að greiða fyrir iðnaði í Bandalaginu á alþjóðavettvangi er nauðsynlegt að samræma tæknireglugerðir og -staðla Bandalagsins samsvarandi heildartæknireglugerðum og -stöðlum. Að því er viðvíkur þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 77/311/EBE varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum, ber því að samræma prófunarhraðann, sem var ákvarðaður í I. og II. viðauka við þá reglugerð, prófunarhraðanum sem krafist er í heildartæknireglugerðum eða -stöðlum s.s. í reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 5 og ISO 5131:1996 <sup>(6)</sup>.

3) Rétt er að aðlaga kröfurnar sem fram koma í tilskipun 78/933/EBE, varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum, með það í huga að mæta núverandi þörfum um einfaldari hönnun og betri lýsingu.

4) Þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 89/173/EBE varðandi rúður og tengibúnað á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt skulu færðar til samræmis við nýlegar tækniframfarir. Einkum er rétt að leyfa notkun pólýkarbonats/plastglers í rúður aðrar en framrúður til að stuðla að betri vörn þeirra sem eru í ökutækinu gegn því að hlutir gangi inn í stýrishús öikumanns. Þær kröfur sem varða vélrænan tengibúnað skal laga að staðlinum ISO 6489-1. Í því skyni að draga úr fjölda og alvarleika slysa og til að stuðla að betri vinnuvernd er enn fremur rétt að láta ekki við það sitja að gera viðbótarráðstafanir varðandi heita fleti heldur mæla einnig fyrir um ráðstafanir varðandi hlífur á rafskaut rafgeyma ásamt ráðstöfunum til að koma í veg fyrir aftengingu fyrir slysi.

5) Því ber að breyta tilskipunum 74/151/EBE, 77/311/EBE, 78/933/EBE og 89/173/EBE til samræmis við þetta.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB (Stjtið. ESB L 273, 19.10.2005, bls. 17).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 84, 28.3.1974, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB (Stjtið. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 105, 28.4.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 325, 20.11.1978, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/56/EB (Stjtið. EB L 146, 11.6.1999, bls. 31).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 67, 10.3.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

<sup>(6)</sup> Þessi skjöl má finna á vefsíðunum <http://www.oecd.org/dataoecd/35/19/34733683.PDF> og <http://www.iso.org/iso/en/CatalogueDetailPage.CatalogueDetail?CSNUMBER=20842&ICS1=17&ICS2=140&ICS3=20>

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

**Breyting á tilskipun 74/151/EBE**

Tilskipun 74/151/EBE er hér með breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

**Breyting á tilskipun 77/311/EBE**

Tilskipun 77/311/EBE er hér með breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

**Breyting á tilskipun 78/933/EBE**

Tilskipun 78/933/EBE er hér með breytt í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

4. gr.

**Breyting á tilskipun 89/173/EBE**

Tilskipun 89/173/EBE er hér með breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa tilskipun.

5. gr.

**Bráðabirgðaákvæði**

1. Að því er varðar ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki, frá og með 1. janúar 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:

- a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða veitingu innlendra gerðarviðurkenningar,
- b) banna að téð ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði viðkomandi tilskipunar:

- a) hætta að veita EB-gerðarviðurkenningu
- b) hafa heimild til að synja um innlenda gerðarviðurkenningu.

3. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2009, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:

- a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr.,
- b) hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

6. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari, eigi síðar en 31. desember 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

7. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

8. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. mars 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Günter VERHEUGEN

*varaforseti.*

## I. VIÐAUKI

Í stað. liðar 1.2 í I. viðauka við tilskipun 74/151/EBE komi eftirfarandi:

„1.2. leyfilegur hámarksmassi með hleðslu og leyfilegur hámarksmassi á hvern ás sem ræðst af flokki ökutækis fari ekki yfir gildin sem gefin eru í töflu 1.

Tafla 1

## Leyfilegur hámarksmassi með hleðslu og leyfilegur hámarksmassi á hvern ás sem ræðst af flokki ökutækis

Ökutækjaflokkur	Fjöldi ása	Leyfilegur hámarksmassi (t)	Leyfilegur hámarksmassi á hvern ás	
			Drifás (t)	Driflaus ás (t)
T1, T2, T4.1,	2	18 (með hleðslu)	11,5	10
	3	24 (með hleðslu)	11,5	10
T3	2, 3	0,6 (án hleðslu)	( <sup>a</sup> )	( <sup>a</sup> )
T4.3	2, 3, 4	10 (með hleðslu)	( <sup>a</sup> )	( <sup>a</sup> )

a) Ekki er nauðsynlegt að setja öxultakmarkanir fyrir ökutækjaflokka T3 og T4.3 þar sem þeir hafa samkvæmt skilgreiningu takmörkun á leyfilegum hámarks massa með hleðslu og/eða massa án hleðslu.“

## II. VIÐAUKI

Tilskipun 77/311/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:
  - i. í lið 3.2.2. komi „7,5 km hraða á klst“ í stað „7,25 km hraða á klst“,
  - ii. í lið 3.3.1. komi „7,5 km hraða á klst“ í stað „7,25 km hraða á klst“,
- 2) í lið 3.2.3. í II viðauka. komi „7,5 km hraða á klst“ í stað „7,25 km hraða á klst“.

*III. VIÐAUKI*

Í tilskipun 78/933/EBE er ákvæðum I. viðauka breytt sem hér segir:

1) Í lið 4.5.1. bætist eftirfarandi setning við:

„viðbótarstefnuljósker eru valfrjáls.“

2) Í stað liðar 4.5.4.2 komi eftirfarandi:

„4.5.4.2. Hæð:

Frá jörðu:

- ekki undir 500 mm hvað varðar stefnuljósker í flokki 5,
- ekki undir 400 mm hvað varðar stefnuljósker í flokki 1 og 2,
- ekki yfir 1 900 mm hvað varðar alla flokka.

Ef byggingarlag dráttarvélarinnar gerir það að verkum að ekki er hægt að fara eftir þessum hámarksmarktölum getur hæsti punktur ljósflatar verið í 2 300 mm hæð hvað varðar stefnuljósker í flokki 5, í flokki 1 og 2 miðað við fyrirkomulag A, í flokki 1 og 2 miðað við fyrirkomulag B og í flokki 1 og 2 miðað við fyrirkomulag D, hæðin getur verið 2 100 mm í flokki 1 og 2 þegar um er að ræða annars konar fyrirkomulag.

- allt að 4 000 mm fyrir stefnuljósker sem eru valfrjáls.“

3) Í lið 4.7.4.2. kemur gildið „2 300 mm“ í stað gildisins „2 100 mm“.

4) Í lið 4.10.4.2. kemur gildið „2 300 mm“ í stað gildisins „2 100 mm“.

5) Í lið 4.14.5.2.2. kemur gildið „2 300 mm“ í stað gildisins „2 100 mm“.

6) Í stað liðar 4.15.7 komi eftirfarandi:

„4.15.7 heimilt er að „sambyggja“ þau“.

## IV. VIÐAUKI

Tilskipun 89/173/EBE er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í lið 2.2. bætast eftirfarandi liðir við:

„2.2.6. „Venjuleg notkun“: notkun dráttarvélarinnar í þeim tilgangi sem framleiðandi fyrirhugar og notkun stjórnanda sem kann skil á eiginleikum dráttarvélarinnar og fer eftir upplýsingum varðandi notkun, þjónustu og öruggar starfsvenjur eins og framleiðandi mælir fyrir um í handbók fyrir stjórnendur og með merkingum á dráttarvélinni.

2.2.7. „Snerting fyrir slysi“: ófyrirséð snerting milli einstaklings og hættusvæðis sem stafar af athöfnum einstaklingsins við venjulega notkun dráttarvélarinnar og þjónustu við hana.“

b) Í lið 2.3.2. bætast eftirfarandi liðir við:

„2.3.2.16. Heitir fletir

Setja skal hlíf fyrir eða einangra heita fleti sem stjórnandi getur náð til við venjulega notkun dráttarvélarinnar. Þetta á við um heita fleti sem eru nálægt þrepum, handriðum, handfestum og óaðskiljanlegum hlutum dráttarvélarinnar sem eru notaðir til að stíga upp í hana og mögulegt er að snerta fyrir slysi.

2.3.2.17. Hlífar yfir rafskaut rafgeyma

Ójarðtengd rafskaut verður að verja þannig að ekki verði skammhlaupi fyrir slysi.“

2) Í 1. lið í III. viðauka A bætist eftirfarandi liður við:

„1.1.3. leyfilegt er að nota stíft plastgler í rúður aðrar en framrúður eins og samþykkt var í tilskipun ráðsins 92/22/EBE (\*) eða í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43, 14. viðauka.

(\*) Stjttíð. EB L 129, 14.5.1992, bls. 11.“

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars undirliðar í lið 1.1. komi eftirfarandi:

„— dráttarkrókar (sjá mynd 1 — „mál dráttarkróks“ samkvæmt ISO 6489-1:2001),“

b) Í 2. hluta bætist eftirfarandi liður 2.9 við:

„2.9. Til þess að koma í veg fyrir aftengingu úr dráttarauga fyrir slysi skal fjarlægðin milli enda dráttarkróksins og klemmubúnaðarins ekki vera meiri en 10 mm við hámarkshönnunarálag.“

c) Í 1. viðbæti falla mynd 3 og textinn sem hana varðar brott.